



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir móttökustöð fyrir úrgang, flutning úrgangs, flutning spilliefna og olúgeymi til eigin nota að Kalksléttu 1, F2507399, rými 01 0101, 02 0101, 03 0101, 05 0101 og 09 0101.

Nafn leyfishafa: Íslenska gámafélagið ehf.

Heimilisfang: Koparsléttu 22

Póstnúmer: 162

Kennitala: 470596-2289

Útgáfudagur leyfis: 5. júní 2025

Gildir til: 5. júní 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir Íslenska Gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang að Kalksléttu 1, flutning á úrgangi, flutning á spilliefnum og olúgeymi til eigin nota.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. júní 2025





Íslenska Gámafélagið ehf.

kt. 470596-2289

Koparsléttu 22

vegna móttökustöðvar fyrir úrgang, flutning á úrgangi, flutning á spilliefnum, endurvinnslu úrgangs og olúgeymi til eigin nota, í starfstöð fyrirtækisins að Kalksléttu 1.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og/eða 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Umsókn fullnægjandi/ófullnægjandi. Sjá kafla 1.	24.02.2025 Umsókn metin fullnægjandi
Rekstraraðili, kt.	Íslenska gámafélagið ehf, 470596-2289
Heiti fyrirtækis	Íslenska Gámafélagið
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Kalkslétta 1, F2507399, rými 01 0101, 02 0101, 03 0101, 05 0101, 09 0101.
Tegund starfsemi	Móttökustöð og meðhöndlun á meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári, sbr. lið 72 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið 8.6 í viðauka X í rg. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnir, flutningur úrgangs sbr. lið 25 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998, flutningur spilliefna sbr. lið 8.3 í viðauka X í rg nr. 550/2018, endurnýting úrgangs sbr. lið 8.5 í viðauka X í rg nr.550/2018 og olúgeymir til eigin nota sbr. lið 120 í viðauka við lög nr.7/1998.
Tilefni umsóknar	Breyting á starfsemi
Umsögn skipulagsfulltrúa	Um er að ræða minniháttar breytingu á starfsemi, fyrir liggur jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa við útgáfu fyrra starfsleyfis, ekki var talin ástæða til að leita umsagnar að nýju.



Umsögn byggingarfulltrúa	Breyting á starfsemi hefur engin áhrif á húsnæði sem hýsir starfsemina, ekki var talin ástæða til að leita umsagnar byggingarfulltrú að nýju.
Dags. auglýsingar á móttöku umsóknar um starfsleyfi	05.05.2025
Dags. birtingar auglýsingar – frestur til athugasemda	05.05.2025, frestur til athugasemda var til 02.06.2025.
Athugasemdir sem bárust	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla	Umsóknin var lögð fyrir 1834, afgreiðslufund HER þann 05.06.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.

1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi og var móttaka hennar auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit/auglysing-starfsleyfa> þann 05.05.2025. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur eða til 02.06.2025.



4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á tillögu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Bætt var við eftirfarandi texta í lið 1.3 í starfsleyfi:

„og olúgeymi til eigin nota sbr. lið 120 í viðauka við lög nr./1998.“ Þetta var gert vegna þess að olúgeymir er staðsettur á lóð rekstraraðila. Notkun olúgeymis er starfleyfis skyld samkvæmt viðauka IV. tölulið 120 í lögum nr.7/1998 en láðst hafði að tilgreina það í auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Íslenska Gámafélagsins. tekin fyrir á 1834. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 05.06.2025 og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára .

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 12. janúar 2026

Fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Rúnar Grímsson